

Fundargerð stjórnar SOS nr. 335

Staður: Fundurinn er haldinn að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi og í húsakynnum Pure North í Hveragerði.

Dagsetning og tími: 9. september kl. 13:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SOS og SASS.

1. Heimsókn í Kirkjuferjuháleigu

Stjórn fer í vettvangsskoðun að Kirkjuferjuháleigu undir leiðsögn JGV. Ræddir framtíðarmöguleikar landsvæðisins.

2. Heimsókn til Pure North

Stjórn fær kynningu frá Pure North í húsnæði þeirra í Hveragerði.

3. Aðalfundur Sorpsstöðvar Suðurlands 2025

Stjórn ræðir tillögu um sameiginlega vinnustofu SASS og SOS á aðalfundi SOS ásamt aðkomu Elísabetar Björneyjar Lárusdóttur að þeirri vinnu með vísan til bókunar stjórnar frá síðasta fundi þann 19. ágúst sl. þar sem formanni og framkvæmdastjóra var falið að vinna drög að verklýsingu fyrir kortlagningu um stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

Formanni falið að halda áfram samtali við formann SASS og Elísabetu Björneyju vegna vinnustofunnar og aðkomu ráðgjafa við að stýra henni.

4. Heimasíða Sorpsstöðvar Suðurlands

Stjórn samþykkir samhljóða tillögu um að uppfæra heimasíðu SOS samhlíða fyrirhugaðri uppfærslu á heimasíðu SASS. Heimasíða SOS verði undirsíða hjá SASS og lén SOS mun vísa beint á hana. Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 500.000 kr.

5. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:45.